

Malbiksstöðin ehf.
Flugumýri 26
Reykjavík 162
Ísland

19. júní 2026, Reykjavík
UOS-3440

Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. júní 2026 hjá Malbiksstöðin ehf.

Þann 9. júní 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Malbiksstöðin ehf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö ný frávík komu fram er varða:

Frávík frá	Lýsing á frávíki	Staða á frávíki
gr. 3.6 í starfsleyfi	Frávíkið var skráð: 9. júní 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Ekki voru gerðar mælingar á útblæstri frá stöðinni árið 2025</i>	Opið
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Frávíkið var skráð: 9. júní 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Upplýsingar um úrgang vantaði inn í skil á umhverfisupplýsingum.</i>	Opið

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. Júlí 2026.

Virðingarfyllst,

Kristín Kröyer

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Sérfræðingur í teymi eftirlits